

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 3. febrúar 2021.

Staður: Rafrænn fundur með Microsoft Teams.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.50.

Mættir: Hrafnkell Marínósson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson og Kristinn Arason. Forföll: Sveinn Sigurbergsson.

Dagskrá:

1. Vinnuhópur ÍSÍ um skiptingu lottó

Framkvæmdastjóri ÍBH upplýsti stjórnarmenn ÍBH um vinnu vinnuhópsins og fór yfir gögn sem vinnuhópurinn er að vinna með.

2. Fundargerð Afrekssjóður ÍBH

Fundur var haldinn 26. janúar sl., fundargerðin lögð fram til kynningar. Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á reglugerð Afrekssjóðs ÍBH. Fjölga hámarki umsókna um ferðastyrki með félagsliði og landsliði úr 4 í 6. Hækka upphæðir, landsliðsferð úr kr. 30.000 í kr. 40.000, ferð með félagsliði úr kr. 25.000 í kr. 30.000, fararstjórastyrkur úr kr. 70.000 í kr. 80.000, EM félagsliða, kr. 240.000 í kr. 300.000, kr. 400.000 í kr. 500.000, kr. 560.000 í kr. 660.000, kr. 800.000 í kr. 1000.000, kr. 1000.000 í kr. 1.200.000, kr. 1.200.000 í kr. 1.500.000, taka út hvert félagslið getur að hámarki sótt um tvær umferðir á ári, afreksstyrkir unglunga / ungmenna kr. 60.000 í kr. 75.000, afreksstyrkir fullorðna kr. 60.000 í kr. 75.000. Einnig var samþykkt að veita Ólympíuförum / Paralympicsförum kr. 750.000 þegar þátttökurétti væri náð.

3. Starfsmannalisti 52. þing ÍBH maí 2021- drög

Kynnt hvaða starfsmenn væru komnir í embætti eða fastanefndir og hvaða félög er búið að ræða við varðandi starfsmenn í embætti og fastanefndir.

4. Könnun Hafnarfjarðarbæjar um áhrif Covid á rekstur íþróttafélaga ÍBH

Íþróttabandalagið ræddi við Hafnarfjarðarbæ og óskaði eftir stuðningi vegna neikvæðra rekstraráhrifa Covid á íþróttafélögin. Hafnarfjarðarbær sendi út könnun á íþróttafélögin 14. janúar sl. sem félögin áttu að skila 22. janúar sl. Stefnt er að kynningu niðurstaðna og samþykka eftir nokkra daga.

5. Vorfjarnám 2021 – þjálfaramenntun 1, 2, 3 stig ÍSÍ

Vakin athygli á námskeiðunum sem hefjast í byrjun febrúar. Búið er að senda allar upplýsingar á aðildarfélög ÍBH og þau hvött til að upplýsa sýna félagsmenn um námskeiðin.

6. Fræðslubæklingur – Astmi og íþróttir

Vakin athygli á fræðslubæklingi ÍSÍ og Astma og ofnæmisfélags Íslands um astma og íþróttir. Bæklingurinn er bæði gefinn út og er rafrænn. Upplýsingum um bæklinginn hefur verið dreift til aðildarfélaga ÍBH og þau hvött til að dreifa honum sem víðast.

7. Húsaleigustyrkir í íþróttamannvirkjum 2020

Farið yfir upplýsingar um húsaleigustyrki Hafnarfjarðarbæjar í íþróttamannvirkjum 2020. Upplýsingarnar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH og þau beðin um að setja sína húsaleigustyrki inn í ársreikning félagsins 2020. Samtals eru þetta kr. 368.217.000, sem ÍBH setur í ársreikning ÍBH 2020 og í Felixkerfi ÍSÍ, lykiltölur úr ársreikningi ÍBH 2020.

8. Gátlisti vegna gæðakrafa þjónustusamnings milli íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar – framkvæmd

Farið yfir hvaða verkefni, rekstrarstjóri ÍTH, íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar og skrifstofa ÍBH halda utan um á gátlistanum.

9. Ráðstefna vegna RIG 4. febrúar 2021 – Íþróttir eru fyrir alla

Upplýsingar um ráðstefnuna hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH. Að ráðstefnunni standa, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Háskólinn í Reykjavík og RIG – Reykjavík International Games.

10. Bréf frá Siglingasambandi Íslands um siglingaþing 27. febrúar 2021 í íþróttamiðstöðinni Reykjavík

Lagt fram til kynningar. Siglingaklúbburinn Þytur á fulltrúa á þinginu, auk þess á ÍBH rétt á einum fulltrúa án atkvæðisréttar.

11. Lífshlaupið 2021 hefst 3. febrúar 2021

Upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH. Vinnustaðir og skólar hafa verið með góða þátttöku í verkefninu. Heimasíða verkefnisins er www.lifshlaupid.is.

12. Bréf frá Körfuknattleikssambandi Íslands um körfuknattleiksþing 13. mars 2021 í íþróttamiðstöðinni Reykjavík

Lagt fram til kynningar. Körfuknattleiksdeild Hauka á fulltrúa á þinginu, auk þess á ÍBH rétt á einum fulltrúa án atkvæðisréttar.

13. Bréf frá ÍSÍ 29. janúar 2021 um opnun umsóknarsvæðis Vinnumálastofnunar

Bréfið hefur verið sent á aðildarfélög ÍBH, allir hvattir til að kynna sér innihald þess vel og sækja um endurgreiðslur. Umsóknir um greiðslur skulu berast Vinnumálastofnun fyrir 30. september 2021. Eftir þá dagsetningu fellur réttur til greiðslu niður. ÍSÍ og Vinnumálastofnun halda fund um efnið fimmtudaginn 4. febrúar kl. 16.00-16.30 á Teams, aðgangur á fundinn hefur verið sendur á öll aðildarfélög ÍBH.

14. Önnur mál

a). HM, þakkaði KGK fyrir ábendingar í sambandi við þingdag ÍBH vor 2021. Því miður fara fram margir viðburðir í einu, jafnvel á sama tíma hverja helgi í íþróttahreyfingunni. Þingdagur ÍBH verður 15. maí 2021.

b). RH, kom með upplýsingar varðandi rafrænar kosningar og nefndi fyrirtæki sem sér um slíkt, heimasíða þess er, <https://www.outcomekannanir.is/kosningar>.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.